

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2022, þriðjudaginn 13. september, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Helga R. Magnússyni, Þresti Ríkharðssyni og Ernu Birgisdóttur.

Fyrir er tekið málið nr. 8/2022:
Knattspyrnudeild UMFG
gegn
Knattspyrnudeild UMFS

Gögn málsins merkt nr. 1-3 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Knattspyrnudeild UMFG
kt. 581090-2349
Austurvegi 3, 240 Grindavík
Fyrirsvarsmaður: Jón Júlíus Karlsson

Kærði:

Knattspyrnudeild UMFS
kt. 690390-2569
Engjavegi 50, Selfossi
Fyrirsvarsmaður: Fannar Karvel Steindórsson

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 5. september sl. Kærða var gefinn kostur á að skila greinargerð innan viku með bréfi dags. sama dag. Greinargerð barst frá kærða þann 12. september sl.

Kröfur:

Kröfur kæranda eru að Grindavík verði dæmdur 0-3 sigur í leik félagsins gegn Selfossi, sem fram fór á JÁVERK-vellinum þann 3. september 2022, í Lengjudeild karla.

II.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum svo að Selfoss og Grindavík áttust við í Lengjudeild karla þann 3. september sl. í 20. umferð deildarinnar. Leiknum lyktar með 5-3 sigri Selfoss. Hins vegar teflir Selfoss fram leikmanni nr. 24, Reyni Frey Sveinssyni, sem var

úrskurðaður í leikbann þann 30. ágúst sl. í aga- og úrskurðarnefnd. Leikmaðurinn leikur fyrstu 51 mínútur leiksins og er þátttaka hans í leiknum ólögleg.

Kærandi vísar máli sínu til stuðnings til reglugerðar KSÍ um deildarbikarkeppni karla. Þá vísar kærandi til úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar dags. 30. ágúst 2022, leikskýrslu í leik Selfoss og Grindavík þann 3. september 2022 á vefsíðu KSÍ og VEO myndbandsupptöku af leiknum.

III.

Greinargerð frá hinu kærða félagi barst skrifstofu KSÍ mánudaginn 12. september 2022. Þar kemur fram að knattspyrnudeild Selfoss óski eftir því að aga- og úrskurðarnefnd KSÍ horfi sérstaklega til þess að umrædd tilkynning frá KSÍ barst ekki með reglubundnum hætti sbr. 10. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál frá janúar 2022 heldur með óreglubundnum hætti í tölvupósti frá starfsmanni KSÍ.

Í þeim tölvupósti sem barst aðildarfélögum þann 30. ágúst sl. var ekki að sjá í „efni“ póstsins að um óreglubundna sendingu væri að ræða þar sem pósturinn bar heitið „Úrskurður aganefndar 30/08/2022“ en þegar pósturinn er skoðaður sérstaklega er tekið fram neðst í póstinum að móttakandi hans þurfi sérstaklega að áframsenda hann til þeirra sem þurfa þykir innan félaganna.

Knattspyrnudeild Selfoss vill sérstaklega taka fram að ekki var um ásetning að ræða hjá félaginu að spila umræddum leikmanni heldur var yfirsjón viðtakanda úrskurðarins innan félagsins að koma honum áfram til hluteigandi aðila. Er það því ósk knattspyrnudeildar Selfoss að beitt verði vægustu viðurlaga sem nefndin getur ákveðið.

IV.

Niðurstaða:

Í máli þessu hefur knattspyrnudeild UMFG kært knattspyrnudeild UMFS fyrir að nota ólöglegan leikmann í leik Selfoss og Grindavík í Lengjudeild karla sem fram fór þann 3. september sl. Óumdeilt er að leikmaður Selfoss, Reynir Freyr Sveinsson, tók þátt í umræddum leik fyrir hönd Selfoss þrátt fyrir að vera ekki hlutgengur til þátttöku í þeim leik vegna leikbanns. Reynir Freyr var úrskurðaður í 1 leiks bann vegna fjögurra áminninga á fundi aga- og úrskurðarnefndar þann 30. ágúst 2022. Það þýddi að Reynir Freyr hefði átt að taka út leikbann í leik Selfoss gegn Grindavík þann 3. september.

Samkvæmt framangreindu var lið Selfoss ólöglega skipað í leik gegn Grindavík þann 3. september 2022. Því ber að taka kröfu kæranda til greina og skal úrslitum í leik Selfoss gegn Grindavík í Lengjudeild karla breytt og leikurinn úrskurður tapaður með markatölunni 0-3 fyrir Grindavík.

Það að Selfoss tefldi Reyni Frey Sveinssyni fram í leik Selfoss gegn Grindavík felur einnig í sér, skv. grein 36.1. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót, að Selfoss er skylt til

greiðslu sektar samhliða viðurlögum um ósigur í leiknum. Samkvæmt grein 36.1. skal félag, sem notar leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni, sæta sektum að upphæð allt að kr. 300.000 sé brotið framið í meistaraflokki. Sé brotið framið í öðrum flokkum skal sektin vera allt að kr. 50.000. Í greinargerð kærða er þess óskað þess að við ákvörðun um viðurlög skuli aga- og úrskurðarnefnd horfa sérstaklega til þess að tilkynning um úrskurð aga- og úrskurðarnefndar þann 30. ágúst sl. hafi ekki borist kærða með reglubundnum hætti, sbr. 10. grein reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Í grein 10.1. segir að aga- og úrskurðarnefnd skuli senda staðfest endurrit úrskurða jafnskjótt og þeir hafa verið kveðnir upp með tölvupósti til formanns knattspyrnudeildar, framkvæmdastjóra, og þeirra aðila sem félagið hefur tilkynnt KSÍ um eða kæranda og kærða sem getið er í kæru og greinargerð. Óumdeilt er að tölvupóstur með slóð á staðfestan úrskurð nefndarinnar þann 30. ágúst 2022 var sendur á formann knattspyrnudeildar og framkvæmdastjóra UMFS. Þá var úrskurðurinn birtur á heimasíðu KSÍ strax eftir uppkvaðningu hans í samræmi við grein 10.2. Því tekur nefndin ekki undir sjónarmið kærða að úrskurður nefndarinnar þann 30. ágúst sl. hafi verið sendur út með óreglubundnum hætti. Fremur hafi skilyrði 10. greinar vegna birtingar á úrskurðum verið uppfyllt.

Við ákvörðun um viðurlög þykir nefndinni rétt að taka mið af því að ekki hafi verið um vísvitandi brot á grein 36.1. að ræða af hálfu kærða. Þá hafi brot verið viðurkennt og það hafi orsakast af yfirsjón innan félagsins. Þegar mið er tekið af framangreindu og mið tekið af því að brotið er framið í meistaraflokki þykir upphæð sektar hæfilega ákveðin kr. 100.000,-.

V.

Úrskurðarorð:

Úrslitum í leik Selfoss gegn Grindavík í Lengjudeild karla sem fram fór hinn 3. september 2022 á JÁVERK-vellinum er breytt og skal leikurinn dæmdur tapaður með markatölunni 0-3 fyrir Grindavík gegn Selfossi.

Kærði, knattspyrnudeild UMFS, ber að greiða kr. 100.000 í sekt til KSÍ.

VI.

Um fresti vegna áfrýjunar:

Samkvæmt grein 16.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Helgi R. Magnússon [sign]

Þröstur Ríkhartsson [sign]

Erna Birgisdóttir [sign]